

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. janúar 2020

Mál nr. E-3658/2018:

**Pb. Sameinaðs Sílikons hf.**

*(Geir Gestsson lögmaður)*

**gegn**

**Ernst & Young ehf. og**

**Rögnvaldi Dofra Péturssyni**

*(Grétar Dór Sigurðsson lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., er höfðað af þrotabúi Sameinaðs Sílikons hf., Stakksbraut 9, Reykjanesbæ, á hendur Ernst & Young ehf., Borgartúni 30, Reykjavík, og Rögnvaldi Dofra Péturssyni, [...], [...], með stefnu birtri 2. nóvember 2018.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir óskipt (in solidum) til að greiða honum 18.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 10. apríl 2015 til 10. ágúst 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast þess aðallega að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefjast stefndu þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Með úrskurði héraðsdóms 1. apríl 2019 var kröfu stefndu um frávísun málsins hafnað.

## I

*Yfirlit yfir málsatvik og ágreiningsefni*

Atvik málsins eru þau að 10. desember 2014 ákvað hluthafafundur Geysis Capital ehf., hér eftir GC, að hækka hlutfé félagsins úr 500.000 krónum í 25.500.000 krónur. Eigandi alls hlutfjár í félaginu USI Holding B.V., hér eftir USI, skráði sig fyrir allri

hækkuninni, 25.000.000 nafnverðshluta. Kaupverðið bar að greiða í peningum, eina krónu fyrir hvern nafnverðshlut, og var gjalddagi 10. apríl 2015. Stefndi, Rögnvaldur Dofri Pétursson, endurskoðandi hjá stefnda, Ernst & Young ehf., staðfesti hlutafjánhækkun við fyrirtækjaskrá með undirritun sinni á þar til gerðu eyðublaði, RSK 17.44, og að hlutaféð hefði verið að fullu greitt með peningum 9. apríl 2015. Á eyðublaðinu er gert ráð fyrir því að merkt sé í tiltekin reit hafi hækkun verið greidd með öðru en peningum en það var ekki gert. Í þeim tilvikum þurfa fylgigögn að fylgja tilkynningu, sem eru, þegar um einkahlutafélag er að ræða, skýrsla stjórnar um verðmætin ásamt staðfestingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda. Þá kemur fram á eyðublaðinu að þegar hlutafé er hækkað í einkahlutafélagi skuli allt hlutafé vera greitt við skráningu. Þá byggja stefndu á því að þegar tilkynning um hækkun hlutfjár var send fyrirtækjaskrá RSK, og stefndi, Rögnvaldur Dofri, staðfesti að hún hefði verið greidd til félagsins virðast hafa verið gerð þau mistök að hækkunin var sögð greidd með peningum en ætlunin hafi verið sú að greiða að hluta með peningum og hluta með skuldajöfnuði. Samkvæmt bankayfirliti GC barst engin greiðsla inn á reikninginn 9. apríl 2015 en daginn eftir, 10. apríl, barst greiðsla að fjárhæð 7.000.000 króna frá USI. Það félag var úrskurðað gjaldþrota af hollenskum dómstól 30. október 2018.

Þann 31. desember 2016 keypti stefnandi alla hluti í GC að nafnvirði 25.500.000 krónur af USI og sameinaðist GC 1. janúar 2017 og var stefnandi yfirtökufélagið og yfirtók öll réttindi og allar skyldur GC. Í samrunaáætlun dagsettri 27. júní 2017 var samþykkt áætlun um samruna félaganna. Í forsendum áætlunarinnar sagði að með sameiningu félaganna yrði beint eignarhald hins stefnanda á landi þar sem athafnasvæði þess væri og að samruninn myndi leiða til lægri rekstrarkostnaðar. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 22. janúar 2018 var Sameinað Sílikon hf. úrskurðað gjaldþrota.

Í greinargerð stefndu er forsaga málsins rakin og kemur þar fram að GC hafi verið stofnað árið 2012 en haustið 2013 hafi USI, hollenskt félag, undir stjórn Magnúsar Garðarssonar, fyrrum fyrirsvarsmanns stefnanda, keypt GC með það fyrir augum að það tæki yfir eignarhald á lóð undir fyrirhugað kísilver að Stakksbraut 9 í Reykjanesbæ. Stjórn og samþykktum félagsins var breytt 1. júní 2014. Þá tóku sæti í stjórn Doron Beri Sanders, sem formaður, og sem meðstjórnendur áður nefndur Magnús, Friðbjörn E. Garðarsson lögmaður og Helgi Björn Ormarsson. Stefndu hafi aðstoðað við gerð ársreiknings GC 2013 sem var undirritaður 20. ágúst 2014. Samkvæmt skýrslu stjórnar var einn hluthafi í árslok 2013, USI. Með kaupsamningi dags. 15. september 2013 hafi

GC keypt lóð að Stakksbraut 9 af samnefndu einkahlutafélagi, sem síðar sameinaðist stefnanda. Kaupverðið var 225 milljónir króna og skyldi aðallega greitt með yfirtöku á áhvílandi láni að fjárhæð 200 milljónir króna en eftirstöðvar skyldu greiddar með peningum við útgáfu afsals. Við yfirtöku áhvílandi láns stóð það í 206,9 milljónum króna. Mismunur kaupverðsins og þeirrar fjárhæðar, um 18,1 milljón króna, var færður í bækur GC sem skuld félagsins við Stakksbraut 9 ehf. Afsal vegna lóðarinnar var gefið út 15. september 2014. Þann 14. nóvember 2014 greiddi GC upp lánið með nýju láni frá Arion banka, í evrum. Skilmálar í lánasamningnum voru m.a. þeir að GC þyrfti ekki að hefja greiðslu afborgana af láninu fyrr en að uppfylltu skilyrði um ákveðna stöðu kísilverkefnisins sem ekki var uppfyllt áður en GC sameinaðist stefnanda. Árið 2014 gerði GC lóðarleigusamning við stefnanda, um leigu þess síðarnefnda á lóðinni að Stakksbraut 9.

Skriptastjóri þrotabúsins sendi kröfubréf til stefndu 10. júlí 2018 og krafðist greiðslu skaðabóta að fjárhæð 18.000.000 króna. Var þar, vegna framangreindra atvika, byggt á því að staðfesting stefndu á fullri greiðslu vegna hlutafjárhækkunarinnar hefði verið efnislega röng og valdið stefnanda tjóni og að stefndu bæru sameiginlega ábyrgð á tjóninu. Með bréfi, dagsettu 19. júlí 2018, höfnuðu stefndu bótaskyldu og byggðu á því að greiðslan hefði borist GC með skuldajöfnuði.

Í samræmi við þetta byggja stefndu varnir sína m.a. á því að það hlutafé sem ekki var greitt með peningum hafi verið greitt með skuldajöfnuði og deila málsaðilar um það hvort skuldajöfnuður hafi átt sér stað. Stefndu lýsa því svo í greinargerð að ársreikningur GC 2014 hafi verið undirritaður 15. apríl 2015 og hafi hann ekki verið endurskoðaður af hálfu stefndu. Skömmu áður höfðu stefndu fengið í hendur samning dagsettan 7. Sama mánaðar um skuldaraskipti, „Asset (debt) transfer agreement“, frá lögmanni félagsins og stjórnarmanni og deila aðilar um það hvort sá samningur hafi verið undirritaður af hálfu meirihluta stjórnar stefnanda. Stefndu lýsa því svo í greinargerð að í samningnum komi fram að USI, eini hluthafi GC, yfirtaki áður nefnda skuld GC, dótturfélags síns, við Stakksbraut 9 ehf., að fjárhæð 18.139.726 krónur. Það félag, Stakksbraut 9 ehf., hafði þá sameinast hinu gjaldþrota félagi, stefnanda, og var skuldin af þeim sökum við stefnanda, Sameinað Sílikon hf. Á grundvelli skuldajafnaðar voru skuldaraskiptin færð sem greiðsla USI á hlutafjárloforði sínu en skuld félagsins við hið gjaldþrota félag var færð út. Eftirstöðvar hlutafjárloforðsins auk vaxta að fjárhæð samtals 6.901.412 krónur voru færðar sem ógreitt hlutafjárloforð af hálfu USI.

## II

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir kröfu sína á því að staðfesting á greiðslu fyrir hlutafé í einkahlutafélagi sé óheimil nema að fenginni fullri greiðslu. Vísar stefnandi hvað þetta varðar til 1. mgr. 11. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þá skuli greiðslan ekki nema minna en nafnverði hlutar, sbr. 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laganna verði tilkynning um hækkun hlutafjár ekki skráð í hlutafélagaskrá fyrir en heildarhlutaféð hefur verið greitt. Þá sé ólöglegt að tilkynna um hlutafjárhækkun einkahlutafélags fyrir en öll fjárhæðin hefur borist, enda gefi slíkt villandi mynd af hag einkahlutafélags, sbr. 127.-128. gr. laga nr. 138/1994. Á staðfestingareyðublöðum fyrirtækjaskrár um hækkun hlutafjár komi eftirfarandi fram: „Þegar hlutafé er hækkað í einkahlutafélagi skal allt hlutafé vera greitt við skráningu [...] Lögmaður, löggiltur endurskoðandi eða skoðunarmaður skal staðfesta með undirskrift sinni hér fyrir neðan að hlutafé hafi verið greitt í samræmi við lög um einkahlutafélög/hlutafélög. Einnig er heimilt að leggja fram sérstaka yfirlýsingu þess efnis.“

Einnig vísar stefnandi til þess að endurskoðendur skulu vera óháðir viðskiptamönnum í störfum sínum, sbr. m.a. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Hlutverk endurskoðenda við staðfestingu hlutafjárhækkana sé þannig að ganga úr skugga um að staðhæfingar fyrirsvarsmanna einkahlutafélaga og hlutafélaga um greiðslur fyrir hlutafjárhækkunir séu réttar. Sé það sérstaklega áréttað á eyðublöðum fyrirtækjaskrár samkvæmt framansögðu. Reiði endurskoðandi sig alfarið á staðfestingar viðskiptamanns á greiðslum, án sjálfstæðrar endurskoðunar, bregðist hann aðgæsluskyldu sinni. Hlutverk endurskoðenda við staðfestingu greiðslna fyrir hlutafjárhækkunir sé afar þýðingarmikið. Rétt skráning hlutafjár í hlutafélagaskrá sé grundvallarforsenda fyrir stofnun og allri starfsemi einkahluta- og hlutafélaga. Í lögum komi fram strangar reglur, m.a. um greiðslu hlutafjár, takmarkanir á heimildum til að lækka hlutafé, útgreiðslu arðs o.fl., sem allar byggist á þeirri grunnforsendu að skráning hlutafjár sé rétt. Opinberir aðilar, lánardrottinnar og hluthafar eigi að geta treyst því að skráð hlutafé hafi verið greitt inn í viðkomandi félag, í samræmi við það sem endurskoðandi eða annar til þess bær sérfræðingur hefur staðfest. Stefnandi telur gögn málsins sýna að stefndu hafi ranglega staðfest 9. apríl 2015 að greitt hefði verið að fullu fyrir hlutafjárhækkunina.

Þá byggir stefnandi á því að skuldskeyting hafi ekki farið fram, gagnstætt því sem stefndu telji í svarbréfi sínu þar sem þeir telji að skuldaraskipti hafi farið fram samkvæmt ákvæðum samkomulags milli Sameinaðs Sílikons hf. og USI, dags. 7. apríl 2015. Hvað þetta varðar vísar stefnandi í fyrsta lagi til þess að það sé ófrávíkjanlegt skilyrði skuldskeytingar, samkvæmt meginreglum íslensks kröfuréttar, að kröfuhafi samþykki hana. Á þeim tíma sem stefndu segja skuldskeytingu hafa farið fram hafi Sameinað Sílikon hf. verið eigandi 18.000.000 króna kröfu á hendur GC og þurfti því samþykki félagsins til skuldaraskiptanna. Samkvæmt gr. 5.05 í samþykktum Sameinaðs Sílikons hf., dags. 23. mars 2015, þurfti undirskrift meirihluta stjórnarmanna til að skuldbinda félagið. Í stjórn félagsins á þeim tíma voru þrír áðurnefndir menn. Í samræmi við þetta hafi verið gert ráð fyrir undirritun allra þriggja stjórnarmanna á samkomulagið um skuldskeytingu frá 7. apríl 2015 sem stefndu vísuðu til í svarbréfi sínu. Samkomulagið var hins vegar einungis undirritað af Joseph, en Doron og Auðunn hafa báðir staðfest við skiptastjóra að samningurinn hafi verið borinn undir þá á sínum tíma, en þeir hafi ákveðið að rita ekki undir hann. Skuldskeytingin hafi þannig aldrei verið samþykkt af hálfu stefnanda og hafi því ekki átt sér stað. USI hafi því aldrei orðið skuldari að umræddum 18.000.000 króna gagnvart Sameinuðu Sílikoni hf. Af því leiði að félagið hafi aldrei eignast kröfuna á hendur GC. Þá bendir stefnandi á að stefndi, Ernst & Young ehf., staðfesti í tölvupósti, dags. 13. ágúst 2018, að Sameinað Sílikon hf. hafi ekki samþykkt skuldskeytingu frá GC til USI. Þannig hafi Sameinað Sílikon hf. áfram litið á GC sem skuldara kröfunnar, en ekki USI: *Þetta var aldrei fært þannig í Sameinuðu Sílikoni (Stakksbraut) heldur var alltaf mismunur upp á 18 mkr. á milli Sameinaðs Sílikons og Geysis Capital.*

Þá gaf stefndi, Rögnvaldur Dofri, skýrslu hjá skiptastjóra stefnanda 30. maí 2018, samkvæmt 81. gr. laga nr. 21/1991. Hann staðfesti að hlutafjánhækkun í GC hefði einungis farið fram til að „þurrka upp skuld“ við Sameinað Sílikon hf., þar sem fyrirhugað hefði verið að sameina félögin. Engin peningagreiðsla hefði borist fyrir hlutafjánhækkunina og það hefði aldrei verið ætlunin. Endurskoðandinn hefði aldrei minnst á að skuldskeyting hefði farið fram eða að USI hefði greitt fyrir hlutafjánhækkunina með skuldajöfnuði.

Stefnandi bendir einnig á að óundirritaða samkomulagið frá 7. apríl 2015 hafi hvergi verið að finna í bókhaldi Sameinaðs Sílikons hf. og að það virðist einungis hafa fundist eftir að stefndu fengu sent kröfubréf vegna þessa máls.

Þá bendir stefnandi á að í 1. mgr. 6. gr. bókhaldslaga nr. 145/1994 segir að haga skuli bókhaldi þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Skuli bókhaldið veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta megi tekjur og gjöld, eignir og skuldir. Í 1. mgr. 8. gr. sömu laga segir að sérhver færsla í bókhaldi skuli byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum, sem rekja megi til viðskiptanna, en ytri sem innri gögn skuli fela í sér upplýsingar sem nægi til réttmætrar skráningar í bókhaldið. Í 2. mgr. sömu lagagreinar er tiltekið að með ytri frumgögnum sé átt við gögn frá þeim sem viðskipti séu gerð við, svo sem reikning, greiðslukvittun eða samning, og skuli þau bera með sér auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar upplýsingar, sem kunni að vera nauðsynlegar til að sannreyna megi viðskiptin. Í 3. mgr. kemur fram að innri frumgögn séu gögn, sem verði til hjá þeim bókhaldsskylda sjálfum, svo sem reikningar, greiðslukvittanir eða samningar, og öll önnur gögn sem gerð séu til að skrá breytingar eða millifærslur innan bókhaldsins. Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 37. gr. laganna teljist það ætíð meiri háttar brot gegn lögnum ef fyrirsvarsmaður lögaðila rangfærir bókhald eða bókhaldsgögn, býr til gögn sem eiga sér ekki stoð í viðskiptum við aðra eða hagar bókhaldi með öðrum hætti þannig að það gefi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna. Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 38. gr. laganna gerist fyrirsvarsmaður lögaðila sekur um refsivert brot gegn þeim ef hann hagar ekki bókhaldi lögaðilans á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt. Fyrst samningurinn frá 7. apríl 2015 var ekki meðal bókhaldsgagna Sameinaðs Sílikons hf. má ljóst vera að litið hafi verið svo á af hálfu félagsins að skuldskeytingin hefði ekki verið samþykkt. Kemur það heim og saman við framburði sem að framan hafa verið raktir og önnur samtímagögn.

Stefnandi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að USI hafi samþykkt skuldskeytinguna. Um sé að ræða erlent félag og ekkert liggi fyrir um það hver hafði heimild til að rita prókúru fyrir hönd félagsins, hver staða Josephs Dignam var hjá félaginu eða hvort hann hafði umboð félagsins til undirritunar. Engir ársreikningar liggi heldur fyrir frá félaginu. Hafi stefnandi skorað á stefndu að leggja fram upplýsingar um öll framangreind atriði varðandi USI. Stefndu beri sönnunarbyrðina fyrir réttmæti eigin staðhæfinga um greiðslu með skuldajöfnuði. Í því felist að þeir beri sönnunarbyrði fyrir því að undirritun Josephs Dignam eins hafi nægt til að skuldbinda USI og að félagið hafi tekið yfir skuldina.

Ef talið er að USI hafi eignast 18.000.000 króna kröfu með ofangreindu samkomulagi á hendur GC byggir stefnandi á því að skuldajöfnuði hafi ekki verið lýst yfir milli USI og GC og hann hafi því ekki farið fram. Skilyrði skuldajafnaðar, samkvæmt meginreglum íslensks kröfuréttar, er að honum sé formlega lýst yfir af hálfu gagnkröfuhafa við aðalkröfuhafa. Stefnandi byggir á því að USI hafi ekki lýst yfir skuldajöfnuði við kröfu GC um greiðslu 18.000.000 króna hlutafjárloforðs. Þannig er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að skuldajöfnuður hafi farið fram. Í skýrslutöku skiptastjóra af Magnúsi Garðarssyni samkvæmt 81. gr. laga nr. 21/1991, 24. september 2018, kom fram að hann teldi að greitt hefði verið fyrir hlutafjánhækkunina að fullu með peningum. Í skýrslutöku skiptastjóra af Friðbirni Garðarssyni, 2. október 2018, kom fram að hluthafafundur GC hefði ekki samþykkt að breyta greiðslumáta vegna hlutafjánhækkunar, úr „peningum“ í greiðslu með skuldajöfnuði. Þannig virðast stefndu einir telja að skuldajöfnuði hafi verið lýst yfir.

Ef talið er að USI hafi eignast 18.000.000 króna kröfu með ofangreindu samkomulagi á hendur GC, og lýst yfir skuldajöfnuði í framhaldinu, byggir stefnandi á því að greiðsla með skuldajöfnuði hafi verið ólögmat.

Í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 138/1994 segir að hluthafafundur geti einn ákveðið hækkun hlutafjár. Í 1. mgr. 26. gr. laganna segir að ef nýja hluti má greiða með „skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé“ skuli reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjánhækkunina. Samkvæmt fundargerð hluthafafundar GC, dags. 10. desember 2014, var ákveðið að hækka hlutafé félagsins um 25.000.000 króna. Samkvæmt fundargerðinni bar USI að greiða fyrir hlutafjánhækkunina „með peningum“. Óheimilt hafi því verið að greiða með „skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé“ skv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 138/1994.

Í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 138/1994 segir enn fremur að ekki megi skuldajafna kröfu, sem risin er af áskrift, gegn kröfu er hluthafi kunni að eiga á hendur félaginu nema stjórn einkahlutafélagsins samþykki slíka greiðslu. Slíkt samþykki megi stjórn þó ekki gefa ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns. Þannig hafi USI, sem eina hluthafa GC, verið óheimilt að greiða fyrir hækkunina með skuldajöfnuði nema stjórn GC samþykkti það.

Í 16. gr. samþykktu GC, dags. 9. apríl 2015, sagði að undirskrift allra stjórnarmanna þyrfti til að skuldbinda félagið. Samkvæmt gögnum þrotabúsins liggja einungis fyrir tvær stjórnarfundargerðir í GC, önnur dags. 14. nóvember 2014 og hin

dags. 14. apríl 2016. Hvorug fjalli um hlutafjánhækkun þessa máls. Af þessu sé ljóst að samþykki stjórnar fyrir greiðslu með skuldajöfnuði hafi ekki legið fyrir, skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 138/1994.

Þá bendir stefnandi á að hvorki Magnús né Friðbjörn Garðarssynir töldu í skýrslutökum hjá skiptastjóra að heimildar stjórnar GC hefði verið aflað til að samþykkja greiðslu með skuldajöfnuði. Áréttað sé í þessu sambandi að Magnús var ekki einungis stjórnarmaður í GC, heldur einnig fulltrúi hluthafans USI í málinu, sbr. undirritun hans á hluthafafundargerð GC, dags. 10. desember 2014. Einnig er áréttað að samþykki stjórnar fyrir greiðslu með skuldajöfnuði hefði farið í bága við fundargerð hluthafafundar frá 10. desember 2014, þar sem fram kom að greiða bæri með „peningum“. Hluthafafundur, en ekki stjórn, fer með æðsta vald í málefnum einkahlutafélags samkvæmt 55. gr. laga nr. 138/1994.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að greiðsla með skuldajöfnuði hefði verið ólögmat, samkvæmt 3. mgr. 11. gr., 25. og 26. gr. laga nr. 138/1994.

Einnig vísar stefnandi til þess að þegar greiðsla fyrir hlutafjánhækkun fer fram með öðrum verðmætum en reiðufé þarf að framvísa til fyrirtækjaskrár yfirlýsingu löggilts endurskoðanda eða lögmanns um verðmæti greiðslunnar, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 138/1994, til að hún fái skráð. Engin slík yfirlýsing hafi fylgt með tilkynningu til fyrirtækjaskrár. Þvert á móti hafi stefndu staðfest með undirritun á tilkynningareyðublað að greitt hefði verið að fullu fyrir hlutafjánhækkunina „með peningum“ þann 9. apríl 2015, áður en nokkur greiðsla barst. Staðfesting stefndu hafi þannig verið til þess fallin að vekja þá trú hjá fyrirtækjaskrá að greitt hefði verið með peningum og að ekki væri þörf á sérfræðiskýrslu um skuldajöfnuðinn.

Í 8. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 segir að endurskoðendur skuli rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf þeirra. Endurskoðandi er jafnframt opinber sýslunarmaður við framkvæmd endurskoðunarstarfa og þriðju aðilar geta reitt sig á að staðfestingar endurskoðanda séu réttar. Vísitandi rangar staðfestingar endurskoðanda í blekkingartilgangi eru t.d. refsiverðar samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá segir í 9. gr. laga nr. 79/2008 að endurskoðandi skuli einnig rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt.

Stefnandi byggir bótakröfu sína í þessu máli á sakarreglu skaðabótaréttar, sbr. einnig 27. gr. laga nr. 79/2008. Samkvæmt lagagreininni ber endurskoðandi ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar felst hin sérstaka beiting sakarreglunnar á sviði sérfræðiábyrgðar einkum í því að ríkari kröfur eru gerðar til aðgæslu og vandvirkni sérfræðings, til þess hvað sérfræðingur sá eða mátti sjá um afleiðingar háttsemi sinnar, og hliðrað er til um sönnun tjónþola í vil, þ.m.t. um orsakatengsl milli mistaka sérfræðings og tjóns tjónþola. Aðgæsluskylda endurskoðanda er sérstaklega rík þegar opinber aðili gerir ekki kröfu um framvísun frumgagna heldur reiðir sig alfarið á staðfestingar sérfræðinga. Fyrir liggir að engin peningagreiðsla hafði borist þegar stefndu staðfestu að full greiðsla hefði borist. Þegar af þessari ástæðu sé ljóst að stefndu geti ekki hafa sinnt aðgæsluskyldu sinni með fullnægjandi hætti. Þá virðist stefndu t.d. ekki hafa hirt um að kanna a) hvort það væri nægjanlegt að Joseph Dignam ritaði einn undir fyrir hönd beggja aðila á samkomulagið um skuldskeytingu þann 7. apríl 2015, b) hvort skuldajöfnuði hefði verið lýst yfir formlega, c) hvort það samræmdist hluthafafundargerð GC frá 10. desember 2014 að greiða með skuldajöfnuði, d) hvort stjórn hefði samþykkt skuldajöfnuðinn eða e) hvort önnur skilyrði laga nr. 138/1994 væru uppfyllt fyrir greiðslu með skuldajöfnuði.

Þá bendir stefnandi á að afar fyrirsjáanlegt sé fyrir sérfróðan endurskoðanda að tjón sem nemi stefnufjárhæðinni hljótist af því að staðfest sé að greiðsla berist áður en hún geri það í raun. Af gáleysislegri háttsemi endurskoðanda stofnist mikil hætta á því að greiðslufall verði af hálfu áskrifanda hlutafjár, til tjóns fyrir félagið. Endurskoðendum er falið það hlutverk að lögum að tryggja að fullnægjandi greiðslur hafi borist fyrir hlutafjárhækkunar, áður en að tilkynnt er til fyrirtækjaskrár. Það sé ólöglegt með öllu enda skrái fyrirtækjaskrá þá hækkun án frekari skoðunar. Stefndu beri, sem sérfræðingar, sönnunarbyrði fyrir réttmæti eigin yfirlýsinga. Óumdeilt sé að engin peningagreiðsla barst fyrr en þann 10. apríl 2015, eftir að þeir höfðu staðfest að full greiðsla hefði borist. Við þessar aðstæður snúist sönnunarbyrði við. Stefndu þurfi þannig að sanna að tjón hafi ekki leitt af rangri staðfestingu þeirra. Þá vísast til ótvíráðrar dómaframkvæmdar Hæstaréttar um að löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki þeirra beri óskipta ábyrgð á tjóni sem valdið er í endurskoðunarstörfum.

Um skaðabótaskyldu stefnda, Rögnvalds Dofra, vísast til þess sem að framan er rakið um ábyrgð hans og gáleysi í endurskoðunarstörfum. Stefndi, Ernst & Young ehf.,

ber vinnuveitandaábyrgð á hinni skaðabótaskyldu háttsemi skv. meginreglum íslensks skaðabótaréttar. Stefndi, Rögnvaldur Dofri, var löggiltur endurskoðandi hjá fyrirtækinu, tjóninu hafi verið valdið við framkvæmd starfa hans og stefndi, Ernst & Young ehf., hafi þegið greiðslur fyrir störfin. Skilyrði vinnuveitandaábyrgðar eru skýrð rúmt í framkvæmd. Það er t.d. almennt ekki talið útiloka beitingu reglunnar að háttsemi starfsmanns kunnir að vera refsiverð eða að hún fari í bága við fyrirmæli vinnuveitanda.

Stefnandi bendir á að á undanförunum árum hafi það tíðkast í auknum mæli að endurskoðendur geri tilraunir til að takmarka ábyrgð sína á skoðunar- og endurskoðunarstörfum, með því að vísa til þess að viðskiptamenn beri alfarið ábyrgð á veittum upplýsingum. Slíkar ábyrgðartakmarkanir hafi ekkert gildi andspænis skýrum lagaskyldum endurskoðenda við staðfestingu hlutafjánhækkana. Tilgangurinn með aðkomu endurskoðenda að hlutafjánhækkunum sé einmitt að tryggja að viðskiptavinir þeirra hafi ekki sjálfðæmi um framsetningu upplýsinga og að hægt sé að reiða sig á rétta skráningu opinberra aðila á hlutafé.

Stefnandi telur að háttsemi stefndu hafi samkvæmt framansögðu gert USI kleift að eignast 18.000.000 nafnverðshluta í GC endurgjaldslaust í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 138/1994. Greiðsla að upphæð 18.000.000 króna hafi ekki borist stefnanda fyrir hlutafjánhækkunina. Tjón félagsins nemi samsvarandi fjárhæð og ekki var greidd og sé bein afleiðing af þeirri saknæmu háttsemi endurskoðandans að staðfesta, án þess að fótur hafi verið fyrir því, að hlutaféð hefði verið greitt að fullu. Stefnandi hafi gert tilraun til að takmarka tjón sitt með því að krefjast greiðslu innan samninga frá USI fyrir hlutafjánhækkunina. Ekkert svar hefur borist við kröfubréfi stefnanda. USI var úrskurðað gjaldþrota af hollenskum dómstólum 30. október 2018. Sameinað Sílikon hf. sameinaðist GC 1. janúar 2017, í samruna þar sem Sameinað Sílikon hf. var yfirtökufélagið og yfirtók öll réttindi og skyldur GC. Stefnandi er því eigandi skaðabótakröfunnar á hendur stefndu.

Krafa er gerð um vexti frá tjónsdegi, 10. apríl 2015, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um dráttarvexti styðst við 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Upphafsdagur dráttarvaxta miðast við 30 daga eftir dagsetningu kröfubréfs. Málskostnaðarkrafa stefnanda styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um lagarök vísast til allra framangreindra lagaákvæða, meginreglna skaðabótaréttar, meginreglna kröfu- og félagaréttar, laga- og siðareglna um endurskoðendur og innlendra og alþjóðlegra reglna um góða endurskoðunarhætti.

### III

#### *Málsástæður og lagarök stefndu*

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Byggt er á því að staðfesting stefndu á hækkun hlutafjár í GC þann 9. apríl 2015 hafi verið rétt. Rétt hafi verið staðið að hækkun hlutafjárins, sem og efdum áskriftarloforðs. Þá hafi verið greitt fyrir hið nýja hlutafé með lögmatum skuldajöfnuði. Stefndu byggja einnig á því að stefnandi geti ekki haft uppi þá ætluðu kröfu sem er til umfjöllunar í málinu og einnig skorti á að öll skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Hvorki hafi verið sýnt fram á saknæma né ólögmeta háttsemi, né heldur að tjón hafi orðið eða líkur leiddar að tjóni. Í stefnu séu ýmis almenn sjónarmið um skaðabótaábyrgð endurskoðenda rakin m.t.t. sérfræðiábyrgðar. Aftur á móti geri stefnandi enga grein fyrir því hvernig hið gjaldþrota félag hafi orðið fyrir tjóni eða tengslum ætlaðs tjóns við meinta háttsemi stefndu eða hvernig það eigi að hafa valdið hinu gjaldþrota félagi tjóni ef forsendur fyrir staðfestingu stefndu á greiðslu hlutafjár reynast hafa verið rangar eða ekki fyrir hendi. Augljóst sé að stefndu hafi hvorki valdið GC né stefnanda tjóni.

Stefndu benda á að á hluthafafundi GC 10. desember 2014 ákvað eini hluthafi félagsins, USI, að hækka hlutafé þess um 25.000.000 króna að nafnvirði. Fundurinn var löglegur sem og ákvörðunin um hækkun hlutafjár, sbr. m.a. samþykktir félagsins. USI skráði sig jafnframt fyrir öllum nýju hlutunum. Engin breyting hafi því orðið á hluthafahópnum eða eignarhlutföllum. Stjórn félagsins var veitt umboð/heimild til að skrá hið nýja hlutafé og tilkynna um það til fyrirtækjaskrár. Í fundargerðinni er ekki kveðið á um greiðsluform, þ.e. hvernig skyldi greitt fyrir hið nýja hlutafé. Ekkert bendi til annars en að ákvörðun GC um hækkun hlutafjár hafi verið lögmat en rétt sé þó að áréttu að stefndu tóku engan þátt í þeirri ákvörðun. Það var alfarið í höndum eina hluthafa félagsins, USI, og stjórnar þess. Áskriftarloforð USI að fjárhæð 25.000.000 króna hafi verið efnt með tvenns konar hætti. Annars vegar með peningagreiðslu að fjárhæð 7.000.000 króna 10. apríl 2015 og sé sú greiðsla óumdeild. Hins vegar með skuldajöfnuði, með yfirtöku á kröfu á hendur GC að fjárhæð rúmlega 18.000.000 króna.

Ársreikningur GC fyrir árið 2014, sem var dagsettur og undirritaður 15. apríl 2015, endurspeglir framangreinda tilhögun.

Helstu skilyrði skuldajafnaðar eru 1) að kröfurnar séu gagnkvæmar, 2) að kröfurnar séu sambærilegar, 3) að kröfurnar séu, hvað greiðslutíma snertir, hæfar til að mætast, 4) að gagnkrafan sé gild krafa og 5) að gagnkrafan sé að meginstefnu til skýr og ótvíræð. Óumdeilt sé að GC skuldaði Stakksbraut 9 ehf. 18.139.726 krónur, sbr. liðinn „skammtímaskuldir/-viðskiptaskuldir“ á bls. 5 í ársreikningi GC 2013. Um var að ræða eftirstöðvar af kaupverðsgreiðslu fyrir lóðina að Stakksbraut 9, samkvæmt kaupsamning 15. september 2013. Stakksbraut 9 ehf. sameinaðist hinu gjaldþrota félagi, þar sem síðarnefnda félagið var yfirtökufélag, í september 2014. Hið gjaldþrota félag varð þar með eigandi kröfunnar á hendur GC. Með áðurnefndum samningi, dagsettum 7. apríl 2015, samþykkti stjórn hins gjaldþrota félags skuldaraskipti þannig að USI yrði skuldari að kröfunni í stað GC. Í því sambandi sé rétt að ítreka að ranghermt er í stefnu að meirihluti stjórnar hins gjaldþrota félags hafi ekki samþykkt skuldaraskiptin. Fyrirsvarsmaður USI, Joseph Dignam, hafi einnig samþykkt skuldaraskipti og sé tilraunum stefnanda til að vefengja stöðu hans vísað á bug. Hér megi vísa til annarra skjala sem Joseph Dignam ritaði undir fyrir hönd USI, sjá t.d. Joint Investment Agreement frá 14. febrúar 2014 og hluthafasamkomulag 9. júní 2014. Engin ástæða hafi verið fyrir stefndu til að draga umboð hans í efa. Stefndu hafi treyst og mátt treysta því að skjal frá lögmanni félagsins væri fullnægjandi og staðfest af bærum aðilum. Samkvæmt framangreindu hafi USI leyst GC undan skuldinni við hið gjaldþrota félag en eignast að sama skapi kröfu á hendur GC. Skilyrði skuldajafnaðar um gagnkvæmni hafi því verið uppfyllt. Augljóst sé og óumdeilt að kröfurnar hafi verið sambærilegar enda báðar um greiðslu peninga. Kröfurnar hafi enn fremur verið hæfar til að mætast. Hvor tveggja hafi verið gjaldkræf þótt sérstakur efndatími hefði ekki verið ákveðinn.

Stefnandi byggir á því að það „skilyrði skuldajafnaðar, skv. meginreglum íslensks réttar“ að honum sé „formlega lýst yfir“, sé ekki uppfyllt. Stefndu telja hins vegnar að formleg yfirlýsing sé ekki hugtaksskilyrði skuldajafnaðar og nægi að aðilar séu einfaldlega sammála um að láta kröfur mætast. Í því felist skuldbindandi viljayfirlýsing. Engar brigður hafi verið bornar á skuldajöfnuð framangreindra krafna af hálfu eigenda þeirra.

Stefnandi byggir á því greiðsla með skuldajöfnuði hafi verið ólöglegt en samkvæmt fundargerð hluthafafundar 10. desember 2014, þar sem hækkunin var

ákveðin, hafi „borið“ að greiða „með peningum“. Þessu finnst þó hvergi staður í umræddri fundargerð. Máli sínu til stuðnings vísi stefnandi til 3. mgr. 11. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 26. gr. laga nr. 138/1994. Í ákvæði 3. mgr. 11. gr. laganna er réttilega kveðið á um að ekki megi skuldajafna kröfu, sem risin er af áskrift, gegn kröfu sem hlutahafi kann að eiga á hendur félaginu. Í niðurlagi ákvæðisins er hins vegar tekið fram að það eigi ekki við ef stjórn félagsins samþykkir skuldajöfnuð og að hann geti ekki orðið félaginu til tjóns. Jafnvel þótt GC kunnir að hafa láðst að fylgja formreglum 25. eða 26. gr. laga nr. 138/1994 breyti það því ekki að skuldajöfnuður var samþykktur og leiddi ekki til tjóns eins og atvikum var háttað.

Stefndu benda enn fremur á að stjórn GC hafi einróma samþykkt skuldajöfnuð í verki með áritun á ársreikning GC 2014. Þar hafði áður nefnd skammtímaskuld/viðskiptaskuld að fjárhæð rúmlega 18 milljónir króna verið færð út úr bókum félagsins og hið nýja hlutafé, sem henni nam, fært inn. Hvorki við hækkun hlutafjárins né kaup hins gjaldþrota félags á GC hafi sú hækkun verið vefngd eða brigður bornar á að greiðsla hefði borist. Loks er áréttað að stefndu tóku engan þátt í ákvörðun um hlutafjárhækkun eða það hvernig skyldi greitt fyrir hana. Það hafi alfarið verið ákvörðun eina hlutahafa félagsins, USI, og stjórnar.

Stefndu reisa sýknukröfu sína einnig á því að stefnandi geti ekki haft uppi þá ætluðu kröfu sem þrotabúið gerir í málinu, hann eigi ekki aðild að máli um hina ætluðu skaðabótakröfu. Beri því að sýkna stefndu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Í stefnu viðurkenni stefnandi beinlínis aðildarskort sinn en þar segir hann m.a.: „Opinberir aðilar, kröfuhafar, hluthafar og eftir atvikum aðrir haghafar, geta treyst því, samkvæmt meginreglum hlutafélagaréttar ... að skráð hlutafé félags samkvæmt fyrirtækjaskrá hafi verið réttilega greitt ...“ Þannig sé vísað til hagsmuna ýmissa aðila, svo sem annarra haghafa. Ekki sé hins vegar gerð grein fyrir því hvernig þrotabúið telji sig bætt til þess að gera bótakröfu vegna ætlaðs tjóns þeirra eða hagsmunaskerðingar. Að því verði að gæta að rugla ekki saman hagsmunum eða bótakröfum sem hið gjaldþrota félag getur haft uppi annars vegar og kröfuhafar og aðrir þriðju aðilar hins vegar. Hið gjaldþrota félag, þ.e. skiptastjóri, geti gert bótakröfu vegna tjóns sem stjórnendur eða endurskoðendur hafa valdið félaginu með beinum hætti en ekki bótakröfu vegna tjóns kröfuhafa eða annarra þriðju aðila, eða haghafa. Skaðabótakrafa þrotabús sé alltaf leidd af kröfu sem hið gjaldþrota félag hefði getað haft uppi með beinum hætti ef bú þess hefði ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og byggir stefnandi bótakröfu sína á 1. mgr. 108. gr.

laga nr. 138/1994. Í tilviki endurskoðanda megi í þessu sambandi hugsa sér þá aðstöðu að greiddur sé út arður úr félagi án þess að skilyrði hafi verið fyrir hendi vegna saknæmra mistaka við endurskoðunarstörf. Eða félag væri beitt viðurlögum vegna ófullnægjandi eða rangra skattskila sem rekja mætti til saknæmrar háttsemi endurskoðanda. Í þessum tilvikum mætti segja að félagið hefði orðið fyrir beinu tjóni en kröfuhafar óbeint og sameiginlega. Sú staða sé ekki fyrir hendi í málinu. Kröfuhafi og þriðju aðilar séu eingöngu bærir til að hafa sjálfir uppi kröfu vegna beins tjóns sem þeir verða fyrir.

Stefndu telja að stefnandi hafi engan veginn sýnt fram á að þrotabúið geti átt aðild að máli um hina ætlaðu skaðabótakröfu. Hafi hið gjaldþrota félag orðið fyrir tjóni er með öllu óútskýrt hvernig það eigi að hafa gerst. GC hafi ekki þurft að láta af hendi annað endurgjald fyrir hið hækkaða hlutafé en hluti í félaginu sjálfu, til eina eiganda síns, USI. Að sama skapi hafi GC losnað undan milljónaskuld við Stakksbraut 9 ehf. og því notið góðs af hækkuninni. Kröfuhafi var aðeins einn, Arion banki hf., að frátalinni umræddri skuld við Stakksbraut 9 ehf., sem jafnframt naut veðréttinda í einu eign félagsins, lóðinni að Stakksbraut 9. Bankinn hafi síst staðið verr vegna hækkunar hlutafjárins. Hluthafinn var einungis einn, USI og hafi hagsmunir hans ekki verið skertir á nokkurn hátt og hann ekki valdið sjálfum sér tjóni. Að því er aðra varðar, hið opinbera og eða aðra haghafa, þá hafi eina breytingin verið sú að hlutafé var skráð hærra að nafnvirði. Burtséð frá ætluðu tjóni annarra þá sé stefnandi, þrotabú Sameinaðs Sílikons hf., ekki bær til þess að hafa uppi kröfu í eigin nafni vegna ætlaðs tjóns þessara eða annarra aðila. Í þessu samhengi sé vert að nefna að kröfuhafar í bú stefnanda, Íslenskir aðalverktakar og lífeyrissjóðir, hafa tilkynnt stefndu að þeir áskilji sér rétt til að beina bótakröfum gegn stefndu ef leitt verður í ljós að þeir hafi vanrækt skyldur sínar sem endurskoðendur að því er varðar þrotabú stefnanda. Þetta endurspeglir hins vegar aðildarskort stefnanda. Dómstólar geti ekki tekið afstöðu til ætlaðs bótaréttar annarra í þessu máli án aðildar þeirra að málinu. Samkvæmt framangreindu sé bersýnilegur aðildarskortur fyrir hendi og beri þess vegna að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Þá byggja stefndu á því að af hálfu stefnanda hafi ekki verið sýnt fram á tjón. Skaðabótaábyrgð stjórnunaraðila hlutafélaga, þ.m.t. endurskoðenda, byggist á almennum reglum skaðabótaréttarins. Að því er varði einkahlutafélög sé ábyrgðin lögfest í fyrri málslíð 1. mgr. 108. gr. laga nr. 138/1994, en það ákvæði sé til áréttingar á þeim almennu reglum sem annars myndu gilda. Sakarreglan sé því bótagrundvöllurinn. Skilyrði skaðabótaábyrgðar séu að sama skapi hinir hefðbundnu þættir sakarreglunnar; sýna þurfi

fram á tjón, að það megi að rekja til sakar hlutaðeigandi, orsakasamband sé á milli háttsemi og tjóns og að það sé sennileg afleiðing af hinni saknæmu háttsemi. Stefnandi verði því að leiða nægar líkur að því að hann, ekki þriðji maður eða hið opinbera, hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við ætlað skaðaverk. Það hafi stefnandi ekki gert og hann leiði ekki einu sinni líkur að skaðabótaábyrgð stefndu. Alla efnislega umfjöllun skorti hjá stefnanda um það hvaða áhrif hann telji að þessi atriði hafi haft á efnahag hins gjaldþrota félags eða annarra, og hafi honum ekki tekist að sýna fram á nokkurt tjón. Stefnandi tefli fram ýmsum atriðum, ekkert þeirra hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda, en hann lýsi því ekki hvernig hækkað hlutafé eða ætluð röng skráning hafi staðið starfsemi GC fyrir þrifum eða valdið stefnanda tjóni.

Stefnandi vísar til þess að það sé „afar fyrirsjáanlegt“ fyrir sérfróðan endurskoðanda að tjón sem nemi stefnufjárhæðinni hljótist af því að staðfest sé að greiðsla berist áður en hún geri það í raun. Þetta telja stefndu að sé rangt. Mikilvægt er að staðfesting á greiðslu hlutafjár sé rétt en reynist hún aftur á móti röng og hlutafé ógreitt megi m.a. grípa til þess að fella niður hina vangreiddu hluti á grundvelli þess að áskriftarloforð hafi ekki verði efnt. Enginn hlutaðeigandi, hvorki við hækkun hlutafjárins, né síðar, hafi viljað fara þá leið. Þá lýsir stefnandi því hvergi hvernig hann telji að GC eða stefnandi hafi staðið fjárhagslega lakar að vígi vegna skuldajafnaðarins eða samhengi greindra skráðra háttemisreglna við sakarefni málsins.

Stefndu benda á að skaðabætur hafi verið skilgreindar sem greiðsla peninga sem miðar að því að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og tjón hefði aldrei orðið. Sú aðferð sem almennt sé notuð til þess að ákvarða tjón nefnist mismunarkenningin en í henni felst að tvær atburðarásir eru bornar saman og þannig lagt mat á hvort eða hve mikið tjón hefur orðið. Annars vegar sú atburðarás sem varð og hins vegar sú atburðarás sem hefði orðið ef ekki hefði komið til hinnar bótaskyldu háttsemi. Orsakasamband sé einnig nauðsynlegt skilyrði tjóns, sem og sennileg afleiðing til þess að bótaábyrgð komi til greina. Í því máli sem hér er til umfjöllunar yrði þá sú atburðarás sem varð borin saman við þá atburðarás sem hefði orðið ef stefndu hefðu ekki ritað undir tilkynningu um hækkun hlutafjár. Stefndu telji að staðfesting þeirra hafi ekki haft afgerandi þýðingu og þ.a.l. ekki verið nauðsynlegt skilyrði ætlaðs tjóns. Stefnandi virðist hins vegar gefa sér að tjón hafi orðið og að það samsvari hækkun hlutafjár í GC. Þá beri stefndu óskipta ábyrgð á öllu því ætlaða tjóni sem hlotist hafi af hækkuninni. Meginröksemd stefnanda

fyrir ætluðu tjóni virðist vera sú að USI hafi eignast 18.000.000 nafnverðshluta í GC án greiðslu. Fyrir utan það að þetta sé rangt skorti algjörlega á að gerð sé grein fyrir ætluðu verðmæti þessara hluta eða hvernig þetta hafi bakað hinu gjaldþrota félagi tjón eða orsakasambandi milli hins ætlaða tjóns og tilkynningar stefndu. Ekki sé sýnt fram á að GC hafi staðið verr fjárhagslega. Eða hvað hefði orðið, ef ekki hefði komið til atbeina stefndu. GC hafi síður en svo orðið fyrir tjóni við það að eini hluthafi félagsins eignaðist fleiri hluti í því. Nægi að nefna að GC lagði ekki út fé vegna hækkunarinnar og skuldir félagsins jukust ekki. Þá hafi hækkunin ekki raskað eignarhlutföllum.

Stefndu vísa einnig í þessu sambandi til 28. gr. laga nr. 138/1994 sem tekur á því ef ekki er greitt fyrir nýtt hlutafé eða tilkynnt um hækkun hlutafjár. Þar er kveðið á um það að við þær aðstæður þegar hlutafé er ekki greitt, og þ.a.l. ekki tilkynnt um hækkun í samræmi við ákvörðun þar að lútandi, þá falla skuldbindingar þeirra hluthafa sem hafa þegar skráð sig fyrir hlutum einfaldlega niður. Ef ekki hefði komið til staðfestingar stefndu á greiðslu hlutafjárins hefði, samkvæmt þessu lagaákvæði, skuldbinding USI, eina hluthafans, til greiðslu fyrir hið nýja hlutafé, fallið niður og félagið verið í nákvæmlega sömu stöðu og ef það hefði ekki fengið greitt. Mikilvægt sé einnig að hafa í huga að engum öðrum áskrifanda var til að dreifa sem hafði eða hefði annars skráð sig fyrir hinu hækkaða hlutafé. Stefndandi hafi í það minnsta ekkert minnst á eða fært sönnur á slíkt. Auk þess benda stefndu á að GC greiddi ekkert út á grundvelli hins hækkaða hlutafjár, t.d. í formi arðs eða vegna lækkunar hlutafjár. Þá er hægt að leiðrétta mistök við skráningu hlutafjár hvort heldur sem er í hlutaskrá félagsins sjálfs eða fyrirtækjaskrá. Ekkert liggur þó fyrir um það hvort haldin var hlutaskrá í GC eða hvort hækkun hlutafjárins var skráð þar. Það hefði hins vegar verið hægt leikur fyrir GC að einfaldlega fella niður hluti ef ekki var greitt fyrir þá og senda samsvarandi leiðréttingu til hlutafélagaskrár. Það sama hefði átt við um alla þá sem hefðu talið á rétt sinn hallað vegna skráningarinnar, sbr. 124. gr. laga nr. 138/1994.

Samkvæmt framangreindu sé það síður en svo sjálfgefið að hlutafélag, viðskiptamenn þess eða aðrir bíði tjón vegna rangrar eða ófullnægjandi tilkynningar um hækkun hlutafjár. Sá sem heldur því fram ber sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu. Þeirri sönnunarbyrði standi stefndandi engan veginn undir.

Stefndu vísa alfarið á bug sjónarmiðum stefnanda um að sönnunarbyrði skuli snúið við, en stefndandi hafi ekki útskýrt hvernig hann telji sig hafa orðið fyrir tjóni, hvað þá gert tjón sitt sennilegt. Því fari fjarri að tilkynning um hlutafjárhækkun, sem er

annmörkum háð, leiði sjálfkrafa til bótaábyrgðar. Máli sínu til staðfestingar bendi stefndu á dóm Hæstaréttar í máli nr. 140/1989, sem varðaði hlutafjánhækkun. Í málinu lá m.a. fyrir sök endurskoðanda en ekki var sýnt fram á tjón. Dómurinn sýni ljóslega að burtséð frá sakarmati er ekkert slakað á sönnunarkröfum að því er varði tjón. Eins og áður segir eru sjónarmið um það hvort skilyrða skuldajafnaðar eða skuldskeytingar hafi verið gætt nokkuð fyrirferðarmikil í málatilbúnaði stefnanda. Ef skuldajöfnuður hefði ekki farið fram á milli USI og GC vegna hlutafjánhækkunarinnar hefði GC áfram verið í þeirri stöðu að skulda hinu gjaldþrota félagi sem hafði tekið yfir Stakksbraut 9 ehf. 18.000.000 króna. Sú krafa hefði orðið að engu við samruna GC og stefnanda í desember 2016 og staða stefnanda því verið sú sama. Sama á við ef USI hefði greitt fyrir alla hlutafjánhækkunina með peningum. Stefndu telja að ganga verði út frá því að GC hefði notað féð til að greiða skuld að samsvarandi fjárhæð við hið gjaldþrota félag. Það leiði til nákvæmlega sömu niðurstöðu og skuldajöfnuður krafanna. GC hefði því verið í nákvæmlega sömu stöðu á hvorn veginn sem var.

Vísa stefndu til þess að lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 ganga að meginþræði út á minnihlutavernd. Ekki má t.d. skuldajafna kröfu sem risin er af áskrift gegn kröfu sem hlutahafi kann að eiga á hendur félaginu nema stjórn einkahlutafélagsins samþykki slíka greiðslu. Í þessu tilviki var hluthafinn hins vegar aðeins einn.

Einnig benda stefndu á að eitt af frumskilyrðum skaðabótaábyrgðar er það að sá sem verður fyrir tjóni hafi ekki sjálfur valdið því eða verið í þeim tengslum við tjónvald að hann glati skaðabótarétti vegna tengslanna. Þrátt fyrir að fullt tilefni hafi verið til er hins vegar engin grein gerð fyrir þætti félagsins eða stjórnenda þess í umfjöllun um hið ætlaða tjón og krafist óskiptrar ábyrgðar stefndu án rökstuðnings. Skorðaði stefndu í greinargerð á stefnanda að leggja fram upplýsingar, þar á meðal kæru vegna meintrar refsiverðrar háttsemi fyrirsvarsmanna og stjórnenda stefnanda. Sama eigi við um tjónstakmörkunarskyldu stefnanda. Ekkert sé rætt um það hvort stefnandi hefði getað afstýrt hinu ætlaða tjóni að hluta eða að öllu leyti, t.d. með því að fella niður þá hluti í hlutaskrá sem stefnandi telji að ekki hafi verið greitt fyrir. Í þessu samhengi er bent á að með kaupsamningi 1. desember 2016 keypti stefnandi alla hluti í GC af eina hluthafa þess, USI. Kaupverð var ákveðið 405.280.000 krónur og var greitt með hlutum að sömu fjárhæð að nafnvirði í hinu gjaldþrota félagi. Engar tilfærslur peninga fóru fram í viðskiptunum. Í samningnum var sérstaklega fjallað um skuldbindingar GC og að engar aðrar skuldbindingar væru fyrir hendi, sjá grein 3.2. í kaupsamningi. Að öðru leyti var

vísað í reikninga félagsins, sjá grein 3.3. Ganga verði út frá því að stefnandi hafi skoðað reikninga GC rækilega áður en til kaupanna kom. Samkvæmt þeim er augljóst hvernig hlutafé í GC var til komið, þ.e. með greiðslu peninga og hlutafjár. Jafnframt verður að ganga út frá því að stefnandi hafi sæst á að greiða ákveðið endurgjald fyrir GC miðað við þær forsendur sem fyrir lágu við kaupin. Forsendurnar voru augljóslega ekki þær að hlutafé væri ógreitt eða að það vantaði hlutafjárframlag inn í GC. Í kjölfarið sameinaðist GC hinu gjaldþrota félagi.

Stefndu byggja á því að stefnandi geti ekki búið til kröfur inni í GC, eftir á, á grundvelli annarra forsendna en þeirra sem lágu til grundvallar í viðskiptum félagsins sjálfs, þ.e. átt viðskipti með hluti í félagi á grundvelli ákveðinna forsendna en haldið því svo fram síðar að kaupandi hlutanna hafi ekki greitt fyrir þá. Hvað þá að stefndu beri skaðabótaábyrgð á því.

Stefndu byggja einnig á því að málsgrundvöllur stefnanda sé óljós. Af málartilbúnaði stefnanda megi ráða að stefnandi vilji draga stefndu til ábyrgðar fyrir meintar vanefndir hluthafa í GC á áskriftarloforði. Þannig beri stefndu einhvers konar sjálfskuldarábyrgð eða samningsábyrgð á efndum USI á andvirði áskriftarloforðs. Stefnandi virðist ekki gera greinarmun á skaðabótum utan samninga og innan en málartilbúnaður stefnanda virðist byggjast á reglum um skaðabætur utan samninga og miða að því að gera tjónþola eins settan og hið bótaskylda atvik hefði ekki átt sér stað, eins og fyrr greinir.

Þá telja stefndu að krafa stefnanda á hendur stefndu, hafi hún verið fyrir hendi á annað borð, sé fallin niður fyrir tómlæti stefnanda. Hin ætlaða bótaskylda háttsemi stefndu átti sér stað 9. apríl 2015. Byggja stefndu á því að eigi síðar en þá hafi GC átt möguleika á að gera athugasemdir við störf stefndu, að því gefnu að það hefði á annað borð staðið til. Það var hins vegar aldrei gert. Tómlæti hins gjaldþrota félags, stefnanda, lúti einkum að tveimur atvikum sem hvort um sig nægi til að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Annars vegar eru það kaup hins gjaldþrota félags á GC og hins vegar sá atburður þegar það sameinaðist félaginu með yfirtöku. Í hvorugt skiptið hafi stefnandi gert athugasemdir við störf stefndu eða umrædda hlutafjárhækkun eða haft uppi nokkurn áskilnað í þeim efnum. Þannig er byggt á því að kröfur stefnanda séu niður fallnar vegna tómlætis og vísa stefndu þar um til almennra reglna kröfuréttar og fordæma um tómlæti og tómlætisverkanir.

Verði fallist á skaðabótaábyrgð stefndu er á því byggt til vara að ætlað tjón stefnanda sé ekki að þeirri fjárhæð sem stefnandi krefst. GC hafi sannanlega losnað undan 18.000.000 króna skuld sinni við stefnanda. Auk þess telja stefndu stefnanda ekki hafa sýnt fram á að GC og eða hið gjaldþrota félag hefði staðið betur fjárhagslega hefði verið staðið með öðrum hætti að tilkynningu um hlutafjárhækkun.

Um lagarök vísa stefndu til almennra reglna skaðabótaréttarins, einkum sakarreglunnar. Þá er vísað til laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, laga nr. 3/2006 um ársreikninga, laga nr. 145/1994 um bókhald og laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Málskostnaðarkröfu sína reisa stefndu á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 1. og 2. mgr. 130. gr. og 1. mgr. 131. gr.

#### IV

##### *Niðurstaða*

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu um greiðslu bóta úr hendi stefndu vegna tilkynningar stefnda, Rögnvaldar, til hlutafélagaskrár um greiðslu vegna hækkunar hlutafjár í Geysi Capital ehf. (GC) og stefnda, Ernst & Young ehf., sem vinnuveitanda hans. Stefnandi byggir á því að hann hafi vegna framangreinds orðið fyrir tjóni sem stefndu beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttar og 27. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 og reglunni um vinnuveitandaábyrgð.

Eins og að framan er rakið var ákvörðun um hækkun á hlutafé tekin á árinu 2014 og tilkynning um greiðslu var send hlutafélagaskrá 9. apríl 2015. Þá var USI Holding B.V. (USI) eini eigandi GC en Stakksbraut 9 hafði þá sameinast stefnanda. Þann 1. desember 2016 keypti stefnandi alla hluti í GC af USI. Stefndu byggja á því í málatilbúnaði sínum að mistök hafi verið gerð þegar tilkynningin var send hlutafélagaskrá. Ætlunin hafi verið sú að hluti hlutafjárhækkunar, 18.000.000 króna, yrði greiddar með skuldajöfnuði og láðst hafi að geta þess, en að öðru leyti hafi verið greitt með peningagreiðslu að fjárhæð 7.000.000 króna. Stefndu byggja á því að þessar 18.000.000 króna hafi verið greiddar með skuldajöfnuði eftir yfirtöku USI á skuld GC við Stakksbraut 9 ehf., sem upphaflega var tilkomin vegna lóðakaupa.

Stefndu krefjast sýknu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Byggja stefndu á því að skaðabótakrafa þrotabús sé alltaf leidd af kröfu sem hið gjaldþrota félag hefði getað haft uppi með beinum hætti ef bú þess hefði

ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og stefnandi byggir kröfu sína á 1. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög. Það séu einungis kröfuhafar sem séu bærir til að hafa sjálfir uppi kröfur vegna beins tjóns sem þeir verða fyrir.

Samkvæmt 130. gr. laga nr. 21/1991 getur kröfuhafi sem lýst hefur kröfu í þrotabú haldið uppi hagsmunum brotabús, ákveði skiptastjóri að gera það ekki, í eigin nafni til hagsbóta fyrir búið hafi skiptastjóri ekki þegar skuldbundið það á annan veg. Tilkynningu um vilja til að gera slíkt skal beint til skiptastjóra. Ekkert liggur fyrir um að honum hafi í máli þessu borist slík tilkynning og hefur ekkert gildi hvað þetta varðar hafi kröfuhafi upplýst þriðja aðila, sem hugsanlegt er að mál verði höfðað gegn, um vilja sinn.

Eins og rakið hefur verið byggir stefnandi á því að GC hafi orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni vegna háttsemi stefndu. Samkvæmt 27. gr. laga nr. 79/2008 ber endurskoðandi ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum af ásetningi eða gáleysi. Við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrot stefnanda tók þrotabúið við öllum fjárhagslegum réttindum og skyldum félagsins, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttinda eða löggerningi sem ekki verður hnekkt vegna gjaldþrotaskipta, sbr. 72. gr. laga nr. 21/1991. Óumdeilt er að stefndi, Rögnvaldur, sinnti sem endurskoðandi því verkefni sem stefnandi byggir á að hafi leitt til bótaskyldu og stefndi, Ernst & Young ehf., var vinnuveitandi hans. Þá er óumdeilt að ef fallist yrði á kröfu stefnanda yrði það til hagsbóta fyrir þrotabúið og þar af leiðandi kröfuhafa. Í ljósi framangreinds verður ekki talið að 1. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög standi í vegi fyrir því að stefnandi sæki kröfu þessa á hendur stefndu. Er kröfu stefndu um sýknu á grundvelli aðildarskorts hafnað.

Stefndu byggja sýknukröfu sína einnig á því að krafa stefnanda, hafi hún verið fyrir hendi á annað borð, sé fallin niður fyrir tómlæti stefnanda. Annars vegar vísa stefndu til kaupa hins gjaldþrota félags á GC og hins vegar til þess þegar það sameinaðist félaginu með yfirtöku og telur að í hvorugt skiptið hafi stefnandi gert athugasemdir við störf stefndu eða umrædda hlutafjórðun eða haft uppi nokkurn áskilnað í þeim efnum. Háttsemi sú sem mál þetta er risið af átti sér stað 9. apríl 2015 og var USI fyrst sent kröfubréf vegna málsins 7. júní 2018 og stefndu 10. júlí 2018. Í máli þessu er ekkert komið fram um aðkomu stjórnenda félagsins að gerð tilkynningarinnar eða viðbrögð við henni. Í ljósi framangreinds og yfirlýsingar stefndu um að um mistök hafi verið að ræða verður þegar af þeim ástæðum að hafna þeirri málsástæðu stefndu að krafan sé niður fallin vegna tómlætis.

Í þeirri tilkynningu sem send var hlutafélagaskrá kemur fram að stefndi, Rögnvaldur, undirritaði hana sem löggiltur endurskoðandi félagsins og staðfesti með undirritun sinni að hlutafé að fjárhæð 25.000.000 króna hefði verið greitt með peningum. Samkvæmt 28. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög skal tilkynning um hækkun hlutafjár ekki skráð í hlutafélagaskrá fyrr en heildarhlutaféð hefur verið greitt, svo og það sem greiða á umfram nafnverð. Hafi tilkynning ekki verið send innan árs frá því að ákvörðun var tekin eða skráningar er synjað fellur niður ákvörðun um hlutafjárhækkun og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Samkvæmt 26. gr. laganna skulu, ef greiða má nýja hluti með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé, settar um það reglur í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Skal stjórn félagsins leggja fram skýrslu hvað þetta varðar og skal hún hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku áður en hluthafafundur er haldinn og einnig vera lögð fram á fundinum. Óumdeilt er að hlutaféð hafði ekki verið greitt þegar tilkynningin var send og að hluti þess, 7.000.000 króna, var greiddur inn á reikning félagsins daginn eftir, 10. apríl. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að framangreind skýrsla hafi verið gerð. Óumdeilt er að hækkunin kom til framkvæmda að því leyti að USI fór með hlutina. Ekkert er fram komið um að félagið hafi neytt heimilda laga nr. 138/1994 vegna vanefnda á greiðslu á hlutafé, t.d. með því að fella hlutafjárhækkunina niður eða reyna að innheimta þá fjárhæð sem á vantaði hjá USI áður en stefnandi varð gjaldþrota. Þá er ekkert fram komið um það að stefndu hafi reynt að leiðrétta framangreind mistök.

Með hliðsjón af 26. og 28. gr. laga nr. 138/1994 telur dómurinn ljóst að tilkynningin sem send var hlutafélagaskrá 9. apríl var ekki í samræmi við lög. Hafi ætlunin verið sú að greiðslan færi að hluta fram með skuldajöfnuði er ljóst að það er ekki í samræmi við tilkynningu til hlutafélagaskár, þar sem því var lýst yfir að greitt væri með peningum, og ekki var heldur lögð fram skýrsla með tilkynningunni, eins og tilskilið er í 26. gr. þegar greitt er með öðru en peningum. Verður þannig að telja að sama hvorn háttinn ætlunin var að hafa á greiðslu fyrir hlutaféð þá hafi yfirlýsingin samrýmst hvorugum greiðsluhættinum.

Samkvæmt 27. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 ber endurskoðandi ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi, og gilda þá, eins og rakið hefur verið, um sakarmat og sönnun í slíkum tilvikum, reglur skaðabótaréttar. Þá kemur fram í 8. gr. laganna að endurskoðendur skuli rækja

störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf þeirra.

Stefnandi byggir á því að stefndu hafi ekki gætt aðgæsluskyldu sinnar. Fyrir liggir að peningagreiðsla barst ekki og þeir könnuðu ekki hvort fullnægjandi undirritun stjórnarmanna væri undir samkomulaginu frá 7. apríl 2015. Í ljósi sérfræðipækkingar þeirra sé tjónið fyrirsjáanlegt. Þeir beri sem sérfræðingar sönnunarbyrði fyrir réttmæti eigin yfirlýsinga, þ.e. staðfestingar á því að full greiðsla hafi borist, og við þessar aðstæður sé sönnunarbyrði snúið við. Stefndu þurfi að sanna að tjón hafi ekki leitt af rangri staðfestingu þeirra. Stefndu hafa alfarið mótmælt því að forsendur séu til að snúa sönnunarbyrði við. Þrátt fyrir að við mat á bótaskyldu stefndu verði að líta til þess að þeir inntu af hendi sérfræðipjónustu fyrir stefnanda verður einnig að líta til eðlis verksins. Skýr ákvæði laga um einkahlutafélög gilda um það og ræðst sönnunarmat af lögfræðilegu mati bæði hvað varðar mat á gáleysi og ætluðu tjóni. Eru því ekki forsendur til að beita öfugri sönnunarbyrði heldur ber í máli þessu að byggja á þeirri meginreglu skaðabótaréttar að það sé stefnanda að bera sönnunarbyrði hvað þetta varðar.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða dómsins að stefndi Rögnvaldur hafi ekki sýnt þá aðgæslu sem vænta mátti af honum í ljósi sérþekkingar hans. Verður hann þannig talin hafa sýnt af sér gáleysi með því að undirrita og senda yfirlýsingu til hlutafélagaskrár um greiðslu sem ekki hafði átt sér stað. Fallist er á það með stefnanda að miklir hagsmunir liggja að baki því að tilkynningar sem þessar séu réttar. Þrátt fyrir að tilkynningin hafi verið röng á þeim tíma sem hún var send og í andstöðu við framangreind lagaákvæði og það beri meta stefndu til gáleysis leiðir ekki til bótaábyrgðar stefndu nema sýnt sé fram á að það hafi leitt til tjóns.

Stefnandi byggir á því að tjón hans vegna háttsemi stefndu nemi 18.000.000 króna, þ.e. þeirri fjárhæð sem vantaði uppá greiðslu vegna hlutafjárhækkunarinnar og að sama skapi hafi USI eignast 18.000.000 nafnverðshluta í GC endurgjaldslaust, í andstöðu við 1. mgr. 11. gr. laga nr. 138/1994. Varnir stefndu byggja á því að þessar 18 milljónir króna hafi verið greiddar með skuldajöfnuði eftir að USI yfirtók skuld GC við Stakksbraut 9 ehf.

Fyrir liggur að 18 milljóna króna skuld GC við Stakksbraut 9 ehf. var færð úr ársreikningi félagsins eftir hlutafjárhækkunina en lóðin var áfram talin eign GC og varð eign stefnanda eftir sameiningu hans við GC í árslok árið 2016. Þá liggja fyrir í máli þessu gögn sem benda til þess að ætlunin hafi verið sú að skuldin yrði greidd á þennan

hátt. Er þar um að ræða samning USI og stefnanda um yfirtöku skuldar stefnanda við Stakksbraut 9 ehf. frá 7. apríl 2015 og umdeildar yfirlýsingar tveggja af þremur stjórnarmönnum stefnanda þar sem þeir samþykkja yfirtöku USI á skuld GC við stefnanda. Einnig liggja fyrir fundargerðir skiptastjóra vegna skýrslutöku samkvæmt 81. gr. laga nr. 21/1991 þar sem stefndi, Rögnvaldur, lýsti því að til hefði staðið að hækkun hlutafjárins þurrkaði út skuld GC sem átti að vera skuldlaust við sameiningu við stefnanda, og Magnús Garðarsson bar um að greiða hefði átt með „yfirverðsreikningi“. Í máli þessu er einungis deilt um bótaábyrgð stefndu. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að GC hafi talið hlutaféð vangreitt áður en það varð gjaldþrota, a.m.k. liggur ekki fyrir að neytt hafi verið þeirra úrræða sem lög nr. 138/1994 heimila í slíkum tilvikum. Framlögð gögn eru þó ekki fullnægjandi til staðfestingar á því að því að USI hafi greitt fyrir hlutina með skuldajöfnuði og samþykktum félagana hafi verið framfylgt í því ferli. Engu að síður eru vísbendingar um að staða félaganna hafi breyst til samræmis við skuldajöfnunina og þannig leitt til þess að stefnandi losnaði undan skuld sem samsvarar fjárhæðinni og var áfram eigandi lóðarinnar. Í ljósi framangreinds verður því ekki á það fallist að stefnandi hafi sýnt fram á að háttsemi stefndu hafi leitt til tjóns fyrir félagið.

Að öllu framansögðu virtu er það niðurstaða dómsins að sýnt hafi verið fram á að stefndi Rögnvaldur hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi sem stefndi Ernst & Young ehf. beri einnig ábyrgð á á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Engu að síður er verður að telja ósannað að stefndu hafi með þeirri háttsemi bakað stefnanda slíkt tjón sem hann byggir á í máli þessu. Þá hefur stefnandi ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að orsakasamband sé milli ætlaðs tjóns, sem hann kveður sig hafa orðið fyrir, og háttsemi stefndu. Verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af skaðabótakröfu stefnanda í málinu.

Eftir framangreindu verða stefndu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og verður stefnandi, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, dæmdur til að greiða stefndu 1.000.000 króna í málskostnað.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Geir Gestsson lögmaður og af hálfu stefndu Grétar Dór Sigurðsson lögmaður.

Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **Dómsorð:**

Stefndu, Ernst & Young ehf. og Rögnvaldur Dofri Pétursson, eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, Protabús Sameinaðs Sílikons hf.

Stefnandi greiði stefndu 1.000.000 króna í málskostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir